

Fimmtudaginn 20. febrúar 1997.

Nr. 231/1996.

Ragna F. Karlsdóttir

(Magnús H. Magnússon hrl.)

gegn

Vátryggingafélagi Íslands hf.

(Hákon Árnason hrl.)

Skaðabætur. Örorka. Frávísun frá héraðsdómi að hluta.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramarnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 14. júní 1996. Hún krefst þess aðallega, að stefnda verði gert að greiða 4.986.274 krónur með nánar tilgreindum vöxtum frá 27. maí 1991 til 28. mars 1996, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Til vara er þess krafist, að stefnda verði gert að greiða 2.144.213 krónur með sömu vöxtum og greinir í aðalkröfu. Frá kröfufjárhæðum dragist innborgun frá stefnda, 1.735.710 krónur. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst aðallega staðfestingar hins áfrýjaða dóms um frávísun framhaldssakar frá héraðsdómi og sýknu að öðru leyti af kröfum áfrýjanda auk málskostnaðar fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess, að kröfur áfrýjanda verði lækkaðar og málskostnaður felldur niður.

Eftir að hinn áfrýjaði dómur var kveðinn upp, greiddi stefndi áfrýjanda 1.735.710 krónur. Í bréfi hans til lögmanns áfrýjanda 26. júní 1996 er þess getið, að hann hafi ákveðið að una niðurstöðu dómsins, en eins og málið sé vaxið, telji hann við hæfi að greiða bætur samkvæmt dómsorði, þótt málinu hafi verið áfrýjað. Reisir stefndi sýknukröfu sína á þessu. Við munnlegan flutning málsins fyrir Hæstarétti var þess getið, að vextir fram til 28. mars 1996 hefðu verið höfuðstólsfærðir og greiddir þannig þrátt fyrir ráðagerð í forsendum héraðsdóms um, að gagnstæða aðferð skyldi við hafa. Hafi það verið gert í ljósi dóms Hæstaréttar 1996, bls. 189.

I.

Áfrýjandi höfðaði mál þetta með héraðsdómsstefnu, sem lögð var fram í dómi 20. október 1992. Framhaldsstefna var lögð fram 30. janúar 1996, rúmlega þremur árum síðar. Með henni jók áfrýjandi við nýjum kröfuliðum, svo sem greinir í héraðsdómi. Fyrir Hæstarétti gerir áfrýjandi þá kröfu, að niðurstöðu héraðsdóms um frávísun framhaldssakar verði hrundið og stefnda gert að greiða samtals 2.980.011 krónur vegna þegar áfallins kostnaðar og framtíðarútgjalda við sjúkrapjálfun, hóppjálfun hjá Gigtarfélagi Íslands, dvöl á Heilsustofnun NLFÍ og aðkeypta heimilishjálp. Hefur áfrýjandi jafnframt lagt fyrir Hæstarétt nýjan útreikning Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingafræðings 14. maí 1996, þar sem greint er sundur slysdagsverðmæti einstakra kröfuliða í framhaldssök. Hefur áfrýjandi jafnframt fallið frá tveimur liðum í framhaldsstefnu, sem eru vegna kostnaðar við aðkeypta garðvinnu og leigubifreiðar. Varakröfu sína skýrir áfrýjandi svo, að auk bóta fyrir örorkutjón og miska sé með henni krafist 137.950 króna fyrir útgjöld, sem hún hafi þegar innt af hendi vegna heimilisaðstoðar og dvalar á Heilsustofnun NLFÍ og fleira.

Áfrýjandi hefur hvorki reifað með viðhlítandi hætti kröfufjárhæðir í framhaldssök né hvernig hugsanleg útgjöld hennar í framtíðinni eða þegar áfallinn kostnaður, sem í framhaldssök getur, verði frekar tengdur slysi því, sem mál þetta er risið af, en fyrri heilsubresti hennar. Þá verður jafnframt talið, að útgjöld, sem hún telur sig verða fyrir af þessum sökum, hafi hún að verulegu leyti getað séð fyrir þegar við höfðun frumsakar síðla árs 1992. Verður sá dráttur, sem varð á höfðun framhaldssakar, ekki skýrður með því, að breytingar hafi orðið til hins verra á heilsufari áfrýjanda, meðan málið var rekið fyrir héraðsdómi. Eru því ekki uppfyllt skilyrði 29. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála til að höfða framhaldssök í málinu. Að þessu athuguðu verður staðfest niðurstaða héraðsdómara um vísun framhaldssakar frá héraðsdómi.

II.

Við aðalmeðferð málsins í héraði lagði áfrýjandi fram nýjan örorkutjónsútreikning, sem dagsettur er 11. mars 1996. Sú breyting er þar gerð frá fyrri útreikningi, að tekjur áfrýjanda síðustu þrjú árin

fyrir slysið eru umreiknaðar vegna kaupbreytinga og miðað við 4,5% vexti vegna framtíðartekna hennar í stað 6% í fyrri útreikningi. Samkvæmt þessu er niðurstaða hans sú, að höfuðstólsverðmæti tapaðra vinnutekna sé 2.788.900 krónur á slysdegi og verðmæti tapaðra lífeyrisréttinda 167.300 krónur. Krefst áfrýjandi þess, að stefnda verði gert að greiða sér þessar fjárhæðir að frádregnum 30% vegna hagræðis við skattfrelsi bótanna og eingreiðslu. Nemur krafa hennar fyrir þessa tvo liði samtals 2.069.340 krónum. Þá krefst áfrýjandi 200.000 króna vegna miska. Frá þessu öllu dragist greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins, 263.077 krónur.

Þegar litið er til allra atvika málsins, þykir tjón vegna varanlegra afleiðinga slyss áfrýjanda hæfilega bætt með þeim fjárhæðum, sem hún krefst. Verður stefnda samkvæmt því gert að greiða áfrýjanda 2.006.263 krónur með vöxtum, eins og greinir í dómsorði, en draga ber innborgun stefnda, 1.735.710 krónur, frá uppreiknaðri kröfu áfrýjanda, eins og hún stóð á greiðsludegi 26. júní 1996. Þá verður stefnda jafnframt gert að greiða áfrýjanda málskostnað, sem verður ákveðinn í einu lagi í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði segir. Við ákvörðun hans er meðal annars litið til þess, að áfrýjandi hefur orðið fyrir verulegum útlögðum kostnaði við rekstur málsins.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Vátryggingafélag Íslands hf., greiði áfrýjanda, Rögnu F. Karlsdóttur, 2.006.263 krónur með eftirgreindum ársvöxtum: 4,7% frá 27. maí 1991 til 1. júní sama árs, 5,8% frá þeim degi til 1. ágúst sama árs, 6,3% frá þeim degi til 1. október sama árs, 5,6% frá þeim degi til 11. sama mánaðar, 3,9% frá þeim degi til 1. nóvember sama árs, 3,75% frá þeim degi til 11. sama mánaðar, 3,7% frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 3,4% frá þeim degi til 1. desember sama árs, 2,8% frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 2,6% frá þeim degi til 1. febrúar 1992, 2,1% frá þeim degi til 11. sama mánaðar, 1,8% frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 1,6% frá þeim degi til 1. mars sama árs, 1,5% frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 1,1% frá þeim degi til 1. maí sama árs, 1% frá þeim degi til 1. ágúst sama árs,

0,9% frá þeim degi til 1. janúar 1993, 1% frá þeim degi til 21. mars sama árs, 0,9% frá þeim degi til 1. apríl sama árs, 0,8% frá þeim degi til 11. ágúst sama árs, 0,9% frá þeim degi til 1. nóvember sama árs, 0,8% frá þeim degi til 11. sama mánaðar, 0,5% frá þeim degi til 1. júní 1995, 0,6% frá þeim degi til 1. febrúar 1996 og 0,65% frá þeim degi til 28. mars sama árs, en frá þeim degi með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 til greiðsludags. Frá framangreindu dragist greiðsla stefnda, 1.735.710 krónur, upp í kröfu áfrýjanda, eins og hún stóð á greiðsludegi innborgunar 26. júní 1996.

Stefndi greiði áfrýjanda samtals 750.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 28. mars 1996.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum flutningi 12. mars sl., er höfðað með stefnu, sem árituð er um viðtöku, en áritun ódagsett. Málið var þingfest 20. október 1992. Framhaldsstefna í málinu er árituð um viðtöku 30. janúar sl.

Stefnandi er Ragna F. Karlsdóttir, kt. 080640-2349, Grenigrund 2 B, Kópavogi.

Stefndi er Vátryggingafélag Íslands hf., kt. 690689-2009, Ármúla 3, Reykjavík.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að framhaldssök verði sameinuð aðalsök og stefndi dæmdur til að greiða sér 8.290.463 kr. með vöxtum frá slysdegi, 27. maí 1991, sem eru í samræmi við þá vexti, sem greiddir eru af almennum óbundnum sparisjóðsbókum í Landsbanka Íslands, til dómsuppsögudags, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Þá er þess krafist, að dæmt verði, að áfallna vexti skuli leggja við höfuðstól kröfunnar á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 27. maí 1992. Þá er krafist málskostnaðar með virðisaukaskatti og að tekið verði tillit til útlagðs kostnaðar.

Dómkröfur stefnda í aðalsök eru þær aðallega, að sér verði aðeins gert að greiða stefnanda 786.923 kr. með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga frá 4. apríl 1992 til greiðsludags auk innheimtulauna og útlagðs kostnaðar. Til vara krefst stefndi þess, að stefnukröfur verði stórlega lækkaðar. Stefndi krefst þess, að framhaldssök verði vísað frá, til vara, að stefndi verði sýkn-

aður af kröfum í framhaldssök, og til þrautavara krefst stefndi þess, að stefnukröfur verði stórlega lækkaðar. Þá er krafist málskostnaðar.

II.

Hinn 27. maí 1991 var ekið aftan á bifreið, sem stefnandi ók. Stefnandi leitaði samdægurs til slysadeildar Borgarspítalans vegna óþæginda í hnacka og þrýstings fram í augu. Auk þess kvartaði hún um ógleði og slappleika. Röntgenmyndir sýndu lækkun á liðbilum IV-VI með beinnabbamyndun á liðbolsbrúnum, með þrengingu á mænurótargangi IV-VII hægra megin og III-V vinstra megin. Ekki var að sjá nein brot eða önnur áverkamerki. Læknir taldi hana hafa fengið háls hrykk og heilahristing. Stefnandi fékk hálskraga og bólgueyðandi lyf. Stefnandi kom nokkrum sinnum til eftirlits á slysadeildina, síðast 14. ágúst 1991, en þá taldi hún, að sér hefði versnað.

Björn Öundurson læknir mat örorku stefnanda vegna slyssins, og er matið dagsett 27. maí 1992. Þar segir m. a.: „Við skoðun nú greinast ekki neurologísk brottfallseinkenni frá handlimum slösuðu. Sinaviðbrögð eru jöfn og eðlileg, grófir kraftar handlima góðir, og ekki eru merki um skerta blóðrás til handlimanna né vöðvarýrningur á þeim. Lömun greinist ekki. Allmikil vöðvabólga er í hnackafestum, hálsi aftanverðum og herðum, nokkuð jafnt báðum megin. Töluverð þreifiefymsli eru yfir báðum öxlum framanverðum. Væg vöðvabólga er niður á mótis við neðri brúnir herðablaða, nokkuð jafnt báðum megin. Eina og hálfa þverhandarbreidd vantar á, að haka nemi við bringubein í fullri frambeygju, en veldur ekki verulegum óþægindum, en aftursveigja veldur umtalsverðum óþægindum. Hámarks-núningshreyfingar í báðar áttir valda töluverðum óþægindum.“ Það er niðurstaða Björns, að stefnandi hafi hlotið hrykkáverka á hálsliðum, en trúlega einnig á brjósthluta hryggjar í framangreindu slysi, og beri hún nú töluverð einkenni afleiðinga þess. Fullvíst megi telja, að stefnandi muni á komandi tíð eiga við slæman höfuðverk að stríða. Einnig sé líklegt, að þau einkenni, sem hún beri og ekki hafa gengið að marki til baka þrátt fyrir umtalsverða sjúkrapjálfun og aðra meðferð, verði viðloðandi um ókomna tíð. Björn mat örorku stefnanda 100% í sex vikur, 50% í sex vikur og varanlega örorku 15%.

Hinn 5. maí 1993 voru að ósk stefnda dómkvaddir Davíð Þór Björgvinsson dósent og Jóhann Tómasson læknir til að meta heilsufarslegt ástand stefnanda og láta í té skriflegt og rökstutt álit um það, hver væri læknisfræðileg varanleg örorka stefnanda af völdum slyssins, hvort stefnandi hefði af völdum þess orðið fyrir raunverulegri skerðingu á getu til að afla sér vinnutekna, þegar litið væri til menntunar hennar, starfs, kunnáttu og

þeirra kosta, sem hún eigi til að afla sér tekna með vinnu, sem sanngarnt sé að gera ráð fyrir, að hún starfi við, eða m. ö. o., hver væri fjárhagsleg örorka hennar, ef um það væri að ræða, og loks, hvort eldri slys eða sjúkdómur (forskaði) ætti einhvern þátt í örorku stefnanda, og ef svo væri, í hverjum mæli.

Í matsgerð, sem er dagsett 16. maí 1994, kemur fram, að matsfundur hafi verið haldinn 14. október 1993. Lögmaður stefnanda hafi þá lagt fram bréf um meðferð matsmanna á upplýsingum um félags- og heilsufarssögu matsþola, en þar var þess óskað, að matsmenn settu í væntanlega matsgerð aðeins upplýsingar um líkamsástand stefnanda, sem beinlínis vörðuðu þá líkamshluta, er sködduðust í slysinu 27. maí 1991. Einnig var farið fram á það, að eins yrði farið með félagslegar upplýsingar, sem matsmenn öfluðu. Í matsgerð kemur fram, að matsmenn hafi aflað gagna um sjúkrasögu stefnanda fyrir slysið, en þeir taka sérstaklega fram, að þeir telji sig ekki hafa tekið annað upp í matsgerðina en það, sem spurningar í matsbeiðni gefi tilfni til.

Í matsgerð kemur fram, að stefnandi hafi lokið kennaraprófi 1960. Árin 1968 til 1969 hafi hún verið í sérkennaranámi við Kennaraháskóla Íslands. Árið 1970 hafi hún farið til Oslóar og stundað nám við Statens Special Lærerhöjskole í sérkennslu barna með tilfinningaleg, félagsleg og geðræn vandamál. Veturinn 1983 til 1984 hafi hún stundað nám við sama skóla sem gestanemandi. Auk þess hafi stefnandi sótt fjölmörg námskeið á ýmsum sviðum í tengslum við starf sitt. Stefnandi hafi kennt við Grunnskóla Grindavíkur árin 1960 til 1962, við grunnskóla í Kópavogi árin 1962 til 1969. Hún hafi starfað við Sálfræðideild skóla árin 1970 til 1971 og árið 1971 tekið að sér að veita Sérkennslustöð Kópavogs forstöðu. Árið 1984 hafi stefnandi tekið við stöðu skólastjóra við Dalbrautarskóla og starfi þar enn. Dalbrautarskóli sé grunnskóli í tengslum við barna- og unglíngageðdeild Landspítalans og taki við nemendum frá fimm ára aldri og allt upp í 18 ára. Vinnuskylda stefnanda skiptist milli stjórnunar og kennslu í hlutföllunum u. þ. b. 2 á móti 3. Vinnutími sé að jafnaði frá kl. níu á morgnana til kl. fjögur eftir hádegi. Að sögn stefnanda hafi hún mikil samskipti við menntamálaráðuneytið, Fræðsluskrifstofu Reykjavíkur, aðrar fræðsluskrifstofur auk samskipta við barna- og unglíngageðdeild. Segir hún starfið erfitt, en álag við sérkennslu sé mikið.

Í viðtali matsmanna við stefnanda 14. október 1993 kom eftirfarandi fram:

1. Ragna kveðst hafa verri og stöðugri höfuðverk með þrýstingi hægra megin í höfði, bak við hægra auga og út í hægra eyra.

2. Hún kveðst miklu verri í hægri öxl, handlegg og út í hendur, og fylgi dofi, fyrst dofi í þumli, en nú dofi í öllum fingrum. Hún kveðst eiga erfitt með að halda höndum uppi, aka og vinna upp fyrir sig, kveðst ekki geta hengt út þvott, skúrað o. s. frv.
3. Dofi sé í öxl hægra megin.
4. Ragna kveðst ekki geta horft á sjónvarp nema stutta stund í einu vegna verkja í hálsi. Hún kveðst bæði sofna og vakna með höfuðverk, finnst sjálfri, að hún hefði átt að taka sér frí frá vinnu eftir slysið.
5. Telur sig hafa misst mikla orku við slysið.

Sérstaklega aðspurð kvaðst stefnandi ekki hafa misst úr vinnu vegna slyssins. Stefnandi kom til frekara viðtals og skoðunar hjá matsmanninum Jóhanni 24. nóvember 1993. Hún lýsti einkennum eins og áður. Þá kvaðst hún vera farin að finna fyrir hátíðnihljóði/suði við hægra eyra allan sólarhringinn, en mest á kvöldin og nóttunni.

Niðurstaða af skoðun matsmannsins Jóhanns er þessi: „Þau heilsufarslegu vandamál, sem Ragna á við að stríða og hér koma til skoðunar, eru a. m. k. eftirfarandi:

1. Einkenni frá háls hrygg og hægri handlegg.
2. Vöðvagigt.
3. Spennuhöfuðverkur.
4. Þunglyndi.
5. Sjóntaugabólga“.

Það er enn fremur niðurstaða matsmannsins, að ljóst sé, að verulegan hluta þeirra einkenna, sem stefnandi hafi, megi rekja til atvika, sem séu óháð slysinu. Þrátt fyrir það verði þó ekki tekið fyrir, að slysið eigi nokkurn þátt í þeim. Stefnandi hafi fengið hnykk á háls í árekstrinum, og líklegt sé, að slíkur áverki á svo slitinn háls hafi haft verri afleiðingar en ella hefði orðið. Það er álit matsmanna, að áreksturinn hafi aðallega orðið til þess að yfa upp og auka á óþægindi, sem fyrir voru. Ósennilegt sé, að úr þessum einkennum dragi að marki hér eftir. Þyki hæfilegt að meta varanlega læknisfræðilega örorku, sem rakin verði til slyssins sérstaklega, 10%.

Um mat á fjárhagslegri örorku benda matsmenn á, að í íslenskum rétti sé ekki að finna reglur, sem mæli fyrir um það, hvaða þættir skuli lagðir til grundvallar við mat á henni. Þeir telji þó, að meginatriði í því sambandi hljóti að vera að reyna að meta, hvort afleiðingar slyssins séu með þeim hætti, að líklegt megi telja, að þær eigi eftir að hafa áhrif á getu matsþola til að afla sér tekna, miðað við þau störf, sem sennilegt megi telja, að hún eigi eftir að gegna. Ákvörðun á fjárhagslegri örorku í hundraðshlutum sé augljóslega óvissu háð. Því hafi sú leið verið valin að meta fjárhagslega örorku

á tilteknu bili, en taka síðan meðaltal þar af, ef talið sé, að um hana sé að ræða. Það kemur fram, að matsmenn hafi aflað sér upplýsinga um tekjur stefnanda fyrir og eftir slys. Samanburður á þessum tekjum hafi ekki leitt í ljós lækkun tekna eftir slysið. Þetta sé enn fremur í samræmi við það, sem fram hafi komið hjá stefnanda.

Matsmenn telja, að við mat á fjárhagslegri örorku sé eðlilegt og sanngjarnt að miða við, að stefnandi hefði gegnt skólastjórarstarfinu áfram, ef slysið hefði ekki orðið. Mat á fjárhagslegri örorku miðist því við það, hvort geta hennar til að gegna því starfi sé skert og hvort sú skerðing, ef um hana sé að ræða, eigi eftir að hafa áhrif á tekjuöflun hennar. Matsmenn telja, að slysið hafi orðið þess valdandi, að starfið, sem að mestum hluta sé stjórnunarstarf, en einnig fylgi því nokkur kennsla, sé stefnanda erfiðara en ella myndi vera. Við ákvörðun miskabóta megi hafa það í huga.

Við mat á því, hvort matsþoli muni verða fyrir fjárhagstjóni vegna slyssins, verði m. a. að hafa í huga, að stefnandi sé ríkisstarfsmaður, sem þiggi föst laun fyrir störf sín. Samkvæmt launaseðlum fái stefnandi 21 tíma í fasta yfirvinnu á mánuði sem skólastjóri, stefnandi njóti samkvæmt kjarasamningum launa í veikinda- og slysaforföllum, stefnandi hafi lengi, óháð slysinu, átt við margvísleg veikindi að stríða, sem ekki verði séð, að hafi haft áhrif á tekjur hennar í starfi til þessa. Matsmenn telja því í reynd, að slysið eigi ekki eftir að hafa nein áhrif á tekjuöflun stefnanda, á meðan hún sé í núverandi starfi.

Matsmenn telja, að hugsanlegt sé, að hin margvíslegu og langvarandi vanheilindi, sem stefnandi hafi átt við að stríða, eigi eftir að leiða til þess, að stefnandi hætti fyrr að gegna launuðum störfum en ella hefði orðið, einkum þegar um sé að ræða jafnkrefjandi störf sem sérkennslu og skólastjórn. Hér skipti afleiðingar slyssins einar og sér ekki sköpum, en þegar þær komi til viðbótar þeirri vanheilsu, sem fyrir hafi verið, sé hugsanlegt, að þær eigi eftir að stuðla að því að flýta starfslokum.

Matsmenn telja því, að ekki sé unnt að fortaka, að slysið eigi eftir að hafa einhver áhrif á tekjuöflun stefnanda síðar á starfsævinni. Þegar litið sé til aldurs stefnanda og væntanlegra starfsloka, þyki mega meta líklega fjárhagslega örorku hennar 10%.

Í þinghaldi 7. febrúar 1995 lagði lögmaður stefnanda fram skrifleg svör Árna J. Geirssonar lækni við spurningum um heilsufar stefnanda, dagsett 7. desember 1994. Þar kemur m. a. fram, að lækni­rinn telur stefnanda vera með vefjagigt, sem lýsi sér með dreifðum verkjum í stoðkerfi, miklum stirðleika og þreytutilfinningu. Þessi einkenni hafi gert vart við sig fyrir slys, en magnast upp við það. Hann telji, að rekja megi einkennin að miklu leyti til

áðurnefnds umferðarslyss. Rétt sé að endurmeta varanlega örorku stefnanda og að hann álíti, að stefnandi sé sem stendur nánast óvinnufær vegna einkennanna.

Í þinghaldi 17. maí 1995 lagði lögmaður stefnanda fram örorkumat Sigurjóns Sigurðssonar lækni, dagsett 9. maí 1995, en niðurstaða hans var, að örorka hennar væri hæfilega metin 20%.

Að beiðni stefnanda voru 18. maí 1995 dómkvaddir Atli Þór Ólason, sérfræðingur í bæklunarlækningum, Júlíus Valsson, sérfræðingur í gigtarsjúkdómum, og Finnbogi Jakobsson, sérfræðingur í taugalækningum, til að endurmeta þau atriði, sem metin eru í matsgerðinni frá 16. maí 1994.

Matsgerð yfirmatsmanna var lögð fram 18. janúar 1996, en hún er dagsett 30. júní 1995. Matsfundur var haldinn 26. júní 1995 og lögmönnum aðila boðið að koma á framfæri athugasemdum sínum. Í yfirmatsgerð kemur enn fremur fram, að matsmenn hafi kynnt sér fyrirbyggjandi gögn og aflað nýrra gagna, og auk þess hafi stefnandi verið skoðuð læknisfræðilega.

Í niðurstöðu yfirmatsmanna segir m. a.: „Ljóst er, að stefnandi hafði talsvert skerta heilsu fyrir slys vegna langvarandi höfuðverkja, eyrnasuðs og þunglyndis. Fyrir slys var henni einnig gjarnt að fá stoðkerfiseinkenni, svo sem vöðvabólgu, þ. e. a. s. verk, eymsli og stirðleika í herðavöðva. Þessi einkenni höfðu þó lagast með sjúkrapjálfunar meðferð. Hún hefur þar að auki tvívegis fengið augntaugabólgu, sem staðfest var af augnlækni. Hún hafði þó ekki verið frá vinnu vegna þessara ofangreindu einkenna.

Að mati undirritaðra er ljóst af þeim gögnum, sem fyrir liggja, og skv. athugun okkar, að slasaða hefur orðið fyrir talsverðum hnykkáverka á háls- og brjósthrygg við slysið í maí 1991. Ekki sé ástæða til að efast um sannleiksgildi frásagnar hennar. Slysið hefur leitt til versunar höfuðverkjar, sem gætti fyrir slys, og jafnvel aukins eyrnasuðs (tinnitus), og hún hefur orðið vör við sjóntruflanir í kjölfar slyssins, en slík einkenni eru vel þekkt eftir hálsnykksáverka. Versnun hefur því orðið á þeim einkennum, sem fundust fyrir slys, að viðbættum óþægindum frá hálsi, baki og augum, sem ekki gætti fyrir slys, en þó löguðust talsvert, þegar frá leið slysinu. Þessi einkenni hafa þó ekki alveg horfið og eru enn nokkur, en misslæm. . . . Hér er um að ræða versnun á einkennum, sem stefnandi fann til fyrir slys, þ. e. a. s. höfuðverk og eyrnasuð, svo og aukin stoðkerfiseinkenni og nýtilkomin einkenni frá háls- og augum eftir slys. Hér er um að ræða nokkra, en þó ekki mikla varanlega örorku, sem rekja má til umferðarslyssins. Að mati undirritaðra er varanleg læknisfræðileg örorka stefnanda vegna slyssins 10%.“

Um mat á fjárhagslegri örorku taka yfirmatsmenn undir það með mats-

mönnum, að ekki sé að finna í íslenskum rétti neinar reglur, sem mæli fyrir um það, hvaða þættir skuli lagðir til grundvallar við mat á fjárhagslegri örorku. Því verði að styðjast við þær venjur, sem hafi skipast á umliðnum árum. Síðan segir: „Sú venja hefur ríkt, að læknisfræðilegt örorkumat, þar sem metin er andleg og líkamleg sköddun (impairment), hefur verið notað sem grundvöllur að mati á svonefndri fjárhagslegri örorku. Íslenskir dómstólar hafa byggt að meginstefnu til á læknisfræðilegu örorkuhugtaki við ákvörðun bóta fyrir varanlega örorku. Það hefur því verið venjan að leggja hið læknisfræðilega örorkumat til grundvallar tekjuskerðingu, og örorkuhlutfall hefur verið notað beint sem áætlað hlutfall tekjutaps. Í íslenskum skaðabótalögum, er tóku gildi 1. júlí 1993, er gerð tilraun til að greina á milli *varanlegs miska* (sem áður hefur verið nefndur varanleg læknisfræðileg örorka) og svo hins vegar *varanlegrar örorku* (sem áður hefur verið nefnd varanleg fjárhagsleg örorka), án þess að nánar sé skilgreint, hvernig meta á fjárhagslega örorku.“ Yfirmatsmenn vísa til ályktunar læknaáðs frá 9. maí 1994. Þar var fjallað um átta dómsmál, þar sem um var að ræða háls- hnykksáverka með vægum einkennum, en læknaáð taldi ekki efni til að greina á milli þess, sem nú er kallað „læknisfræðileg örorka“, og „fjárhagslegrar örorku“. Yfirmatsmenn telja ekki forsendur til að meta í slysamáli stefnanda á annan hátt þá varanlegu læknisfræðilegu örorku og þá varanlegu fjárhagslegu örorku, sem unnt sé að rekja til slyssins. Ekki verði full- yrt, að stefnandi muni ekki síðar meir bíða fjárhagslegt tjón vegna skertrar vinnugetu, sem rekja megi til afleiðinga slyssins. Ekki sé rétt að alhæfa um alla háls- hnykksáverka, hvað varði varanlega læknisfræðilega og fjárhagslega örorku. Það er skoðun yfirmatsmanna, að í sérstökum tilvikum sé rétt að meta varanlega fjárhagslega örorku aðra en varanlega læknisfræðilega örorku, t. d., þar sem um sé að ræða mikla líkamlega og/eða andlega sköddun, sem þó skerði ekki vinnugetu, og öfugt. Í máli stefnanda séu þó ekki forsendur til að greina þarna á milli. Það er mat yfirmatsmanna, að varanleg fjárhagsleg örorka stefnanda vegna slyssins sé því hin sama og varanlega læknisfræðilega örorkan, þ. e. 10%. Loks segir í yfirmatsgerðinni, að matsmenn telji ekki, að önnur slys eða sjúkdómar eigi þátt í þeirri varanlegu örorku, sem metin sé að ofan, og sé hún því einungis til komin vegna umferðarslyssins 27. maí 1991.

Við aðalflutning kom fram hjá lögmonnum aðila, að þeir væru sammála um að leggja til grundvallar, að örorka stefnanda væri 10%. Út frá þeirri forsendu reiknaði Jón Erlingur Þorláksson tryggingafræðingur út höfuð- stólsverðmæti vinnutekjutaps hennar á slysdegi, og reyndist það vera 2.788.900 kr. Verðmæti tapaðra lífeyrisréttinda vegna slyssins áætlaði hann 6%, 167.300 kr.

Haustið 1995 tók stefnandi saman kostnað, sem hún hefur þurft að leggja út vegna slyssins. Hún segir kostnaðinn aðallega vera vegna aukinnar læknismeðferðar og þjálfunarkostnaðar hjá sjúkraþjálfara. Auk þess hafi hún þurft að kaupa heimilishjálp. Á ársgrundvelli nemi þessi kostnaður 491.448 kr. Stefnandi hefur lagt fram útreikning Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingafræðings frá 25. október 1995, að slysdagsverðmæti þessa kostnaðar nemi 6.284.200 kr., og er þá gert ráð fyrir, að kostnaðurinn 491.448 kr. á ári standi óbreyttur, meðan starfsorka haldist.

Með framhaldsstefnu, sem var þingfest 30. janúar 1996, krafðist stefnandi greiðslu þessa kostnaðar auk þeirra skaðabóta, sem krafist var í upphaflegri stefnu.

III.

Málsástæður stefnanda.

Stefnandi reisir kröfur sínar á lögboðinni slysatryggingu ökumanns samkvæmt 92. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sem hún hafi keypt hjá stefnda. Hún hafi því verið slysatryggð hjá stefnda, er hún varð fyrir líkamstjóni vegna aftanáakstursins 27. maí 1991. Samkvæmt almennum skilmálum fyrir slysatryggingu ökumanns beri stefnda að greiða skaðabætur fyrir tjónið, sem ökumaður verður fyrir við stjórn ökutækis, sbr. 1. gr. nefndra skilmála. Þá beri enn fremur við ákvörðun bóta að fara eftir almennum reglum skaðabótaréttar samkvæmt 3. gr. fyrrgreindra skilmála, og sé þar vísað til venju, sem skapast hafi á sviði íslensks skaðabótaréttar.

Með því að bjóða stefnanda aðeins 786.923 kr. sem fullnaðarbætur fyrir fjártjón hennar vegna slyssins vanefni stefndi samninginn, sem hann gerði við stefnanda. Vanefndin lýsi sér þannig, að ekki sé efnt það loforð, sem fram komi í 3. gr. skilmálanna, að ákvörðun skaðabóta fari eftir almennum reglum íslensks skaðabótaréttar.

Í upphaflegu tilboði um fullnaðaruppgjör felist viðurkenning á því, að félagið beri fébótaábyrgð á því tjóni, sem stefnandi hafi orðið fyrir í umferðarslysinu. Greiðslutilboðið sé hins vegar í engu samræmi við þær reglur, sem dómstólar hafi mótað um sambærilegt tjón og stefnandi hafi orðið fyrir. Venja standi til þess að ákveða fjártjón vegna líkamsáverka miðað við útreikninga tryggingastærðfræðings á fjártjóni, en slíkur útreikningur hafi verið gerður á fjártjóni stefnanda.

Stefnandi sundurliðar kröfur sínar á hendur stefnda svo:

Vegna varanlegrar örorku	kr.	2.788.900
Verðmæti tapaðra lífeyrissjóðsréttinda	–	167.300
	kr.	2.956.200

Frádr. v/skatta og eingr. 30%	kr.	886.860
	kr.	2.069.340
Miskabætur	kr.	200.000
Frádráttur vegna greiðslu frá T. R.	kr.	263.077
	<u>kr.</u>	<u>2.006.263</u>

Krafa stefnanda um greiðslu útlagðs kostnaðar vegna slyssins sundurliðast svo á ársgrundvelli:

Sjúkraþjálfun tvisvar í viku að meðaltali	kr.	72.800
Hóppþjálfun Gigtarfélagsins	–	15.200
Heilsuhælið í Hveragerði	–	45.000
Aðkeypt heimilishjálp	–	100.048
Aðkeypt garðvinna	–	40.000
Leigubílar	–	218.400
	<u>kr.</u>	<u>491.448</u>

Slysdagsverðmæti þessa kostnaðar nemi 6.284.200 kr., sem eru stefnufjárhæð framhaldssakar. Stefnandi reisir þessa auknu kröfu á því, að hún þurfi sannanlega að leggja árlega út fyrrgreinda fjárhæð og að rekja megi þennan kostnað beint til slyssins. Hún hafi ekki þurft á þessari lækniþjónustu að halda, áður en hún hafi lent í slysinu. Hún hafi ekki þurft að fara á heilsuhæli Náttúruhlækingafélagsins árlega, eins og hún hafi þurft eftir slys. Heimilishjálp hafi hún aldrei keypt fyrir slys, enda hafi hún verið fullfær um að annast um heimili sitt fyrir það. Það sé hún ekki lengur, og því verði hún að kaupa þessa þjónustu. Þá geti hún ekki ekið bifreið eftir slys, en þurfi þess í stað að nota leigubifreið til þess að komast leiðar sinnar, að meðaltali sex ferðir í viku.

Um bótafjárhæð vísar stefnandi til þeirrar venju í skaðabótarétti að styðjast við útreikning tryggingastærðfræðings á áætluðu fjártjóni hins slasada vegna örorkunnar, sem styðjast við þá meginreglu skaðabótaréttar, að tjónpóli eigi að vera eins settur og hann hefði verið, ef hann hefði ekki orðið fyrir neinu líkamstjóni. Miskabótakrafan byggist á 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en auk þess er vísað til þess, að samkvæmt áliti Björns Önundarsonar lækni muni stefnandi hafa verulegan höfuðverk, það sem eftir sé ævinnar, vegna þess líkamstjóns, sem hún hafi orðið fyrir. Sá verkur muni skerða möguleika stefnanda til frístundastarfa.

Málsástæður stefnda.

Stefndi vísar til þess, að með greiðslu 786.923 kr. auk vaxta og kostnaðar sé við það miðað, að með þeirri fjárhæð sé tjón stefnanda að fullu bætt. Ósannað sé, að stefnandi hafi orðið fyrir frekara tjóni af völdum umrædds slyss.

Í fyrsta lagi hafi tekjur stefnanda síðustu ár fyrir slys verið fyrir opinber störf sem skólastjóri. Þessum störfum hafi stefnandi getað sinnt eftir sem áður. Komi hvergi fram í málgögnum, að tekjur stefnanda hafi skerst af völdum slyssins frá því, sem verið hafi, og ólíklegt sé, að svo muni verða framvegis. Sama gildi um lífeyrissjóðsréttindi. Samkvæmt lögum og kjarasamningi eigi stefnandi að hafa haldið launum, á meðan hún hafi talist óvinnufær. Fyrir liggir, að stefnandi haldi skólastjórastöðunni, og því hafi hún hvorki tapað vinnutekjum né sé útlit fyrir, að svo muni verða af völdum slyssins. Vinnutekjutap bætist ekki, á meðan þess gæti ekki í reynd. Norrænar rannsóknir hafi leitt í ljós, að 20-30% læknisfræðileg örorka og þaðan af minni leiði sjaldnast til nokkurrar skerðingar á vinnutekjum fólks. Hæstiréttur hafi hafnað því að leggja læknisfræðilegt örorkumat og líkindareikninga tryggingastærðfræðinga gagnrýnislaust til grundvallar sem fullnægjandi sönnunargögn um örorkutjón, heldur meti hann sjálfstætt, hvort meiðsli hlutaðeigandi einstaklings séu líkleg til að skerða tekjuöflunarhæfi hans eða ekki. Þegar meiðsli séu ólíkleg til að valda vinnutekjutapi, sé kröfu um örorkubætur hafnað og aðeins dæmdur miski. Sé ósannað, að öðruvísi sé ástatt um stefnanda. Bótilboð stefnda sé í samræmi við þetta.

Miskabótakröfu er mótmælt sem of hárrí, þegar jafnframt sé krafist örorkubóta og þess gætt, að miski sé innifalinn í örorkumatinu. Höfuðverkir stefnanda og eymsli stafi allt eins af fyrri sjúkleika hennar eins og afleiðingum slyssins.

Til stuðnings varakröfu bendir stefndi á, að við ákvörðun örorkutjóns beri vegna skattfrelsis örorkubóta að draga frá þann hluta bóta, sem ella gengi til opinberra gjalda, nú 41,34% samkvæmt gildandi skattkerfi, en bæturnar kæmu til skatts sem jaðartekjur, ef þær væru skattskyldar. Enn fremur bæri að virða til lækkunar hagræði af eingreiðslu bótanna samkvæmt dómvenju og draga svo frá bætur frá Tryggingastofnun ríkisins, 263.077 kr. Loks beri almennt að virða til lækkunar, að miski sé innifalinn í örorkumati lækna og að ekki sé um raunverulegt tekjutap að ræða. Þá ætti stefnandi að hafa fengið bætur úr atvinnuslysatriðgingu. Frávísunarkrafa á kröfu, sem gerð var í framhaldsstefnu, er á því reist, að stefnandi hefði getað haft uppi stefnukröfu framhaldssakar í aðalsök, en örorka stefnanda af völdum slyss-

ins hafi ekkert breyst frá upphafi og engar nýjar afleiðingar slyssins komið fram, sem valdið hafi nýjum útgjöldum, sem ekki hafi mátt sjá fyrir. Stefnukrafa í framhaldssök sé áætluð og studd forsendum, sem stefnandi hafi gefið sér og því haft í hendi í upphafi málsóknar rétt eins og nú. Því beri samkvæmt 29. gr. laga nr. 91/1991 að vísa stefnukröfum í framhaldssök frá dómi.

Ef ekki verði fallist á frávísun, er krafa stefnda um sýknu af kröfum í framhaldssök á því reist, að ósannað sé með öllu, að stefnandi þurfi og muni í reynd leggja út hinn umstefnda árlega kostnað, sem framhaldsstefnukrafan grundvallist á. Engum sé skylt að bæta útgjöld, sem ekki hafi orðið og enginn viti, hvort nokkru sinni verði stofnað til í raun.

Varakrafa um lækun kröfu í framhaldssök er studd því, að krafan eigi ekki við nein haldbær rök að styðjast.

Leigubílakostnaði á ársgrundvelli, 218.440 kr., beri að hafna. Stefnandi sé að eigin sögn fær um að aka sjálf, og hún hafi bifreið til afnota. Auk þess stafi verkir stefnanda í fótum, sem hún segi gera sér örðugt að aka bifreið, ekki sannanlega af slysinu að mati lækna, heldur af offitu. Þá sé áætlaður fjöldi ferða í leigubifreið órökstuddur með öllu.

Kostnaði við aðkeypta garðvinnu og heimilishjálp, 40.000 kr. og 100.048 kr. á ári, beri sömuleiðis að hafna, en ósannað sé, að slysið hafi valdið slíkum kostnaði. Kostnaður vegna garðvinnu sé engum gögnum studdur og slíkur kostnaður ekki sennileg afleiðing slyss, svo að bótaskyldu varði.

Kostnaður við dvöl á Heilsustofnun NLFÍ, 45.000 kr. á ári, sé ekki sannanlega af völdum slyssins eða fremur af völdum slyssins en sjúkdóma stefnanda óháðra slysinu. Þá hafi stefnandi, síðan slysið varð fyrir fimm árum, aðeins dvalist tvisvar á Heilsustofnun NLFÍ og ekkert sýnilegt um nauðsyn þess að dveljast þar einu sinni á ári eða að stefnandi eigi þar víst pláss árlega.

Kostnaður við hópþjálfun hjá Gigtarfélaginu, 15.200 kr. á ári, sé að sama skapi ekki sannanlega af völdum slyssins. Stefnandi hafi verið þjáð af gigt fyrir slys og ekki unnt að rekja gigt hennar nú til slyssins að mati lækna nema þá að litlu leyti.

Kostnaði vegna sjúkraþjálfunar, 72.800 kr. á ári, beri að hafna með öllu, en að eigin sögn stefnanda hafi stefnandi ávallt notið sjúkraþjálfunar án þess að þurfa að greiða fyrir hana sjálf og ekkert líklegt um breytingu á því. Þá sé ósannað, að sjúkraþjálfun stefnanda síðar meir, ef nauðsyn beri til, sé fremur afleiðing slyssins en sjúkdóma stefnanda óháðra slysinu. Þá liggja ekkert fyrir um, hvaða fjöldi sjúkraþjálfunartíma sé nauðsynlegur.

Loks gildi um alla kostnaðarliði kröfu stefnanda, að um ætluð framtíðarútgjöld sé að ræða, sem óvíst sé, hvort nokkru sinni verði stofnað til í raun

og veru eða í hverjum mæli. Útgjöld, sem ekki hafi orðið, eða m. ö. o. tjón, sem enn hafi ekki orðið, sé óskytt að bæta.

Vaxtakröfu í framhaldssök er sérstaklega mótmælt. Stefnandi líði ekki tjón eða vaxtatap af útgjöldum, sem hafi ekki orðið, og aldrei frá fyrri tíma en stefnandi inni þau af hendi.

Forsendur og niðurstaða.

Með framhaldsstefnu krefst stefnandi greiðslu ýmiss kostnaðar, sem hún kveðst munu þurfa að bera vegna afleiðinga slyssins. Hefur hún látið tryggingafræðing reikna út slysdagsverðmæti þessa kostnaðar, eins og rakið var. Í kröfugerð sinni hefur hún þannig tekið saman marga alls óskylda kostnaðarliði, eins og t. d. væntanlega dvöl hennar á heilsuhæli og aðstoð við garðvinnu, og krefst greiðslu í einu lagi, eins og kostnaðurinn hefur verið reiknaður út í heild sinni. Þetta veldur því, að ekki er unnt að taka tillit til hvers einstaks liðar um sig, þar eð ekki liggur fyrir, hvert slysdagsverðmæti hvers þeirra um sig er. Máltilbúnaði stefnanda er, hvað framhaldsstefnuna varðar, þess vegna svo áfátt, að vísa verður henni frá dómi.

Eins og að framan var rakið, er ekki ágreiningur um sök í málinu, og einnig eru aðilar sammála um, að örorka stefnanda sé 10% vegna slyssins. Tryggingafræðingur hefur reiknað út vinnutekjutap stefnanda, og er það 2.788.900 kr. miðað við slysdag, en 1.892.200 kr. miðað við 11. mars sl., er það var reiknað út. Við aðalmeðferð kom fram hjá stefnanda, að hún hefði ekki tapað vinnutekjum, frá því að slysið varð, en væri að íhuga að fá stöðu sinni breytt í kennarastöðu, en hún er skólastjóri.

Hér að framan var gerð grein fyrir því, að stefnandi átti við vanheilsu að stríða fyrir slys, og samkvæmt framburði hennar og heimilislæknis hennar fyrir dómi versnaði henni verulega við það.

Við ákvörðun bótafjárhæðar verður miðað við, að stefnandi hafi hlotið 10% örorku við slysið, en jafnframt höfð hliðsjón af því, að hún hefur ekki enn tapað tekjum vegna þess. Þá verður og að taka tillit til þess, að hún átti við vanheilsu að stríða fyrir slys, og ekki virðist að fullu ljóst, hvað eru afleiðingar þess og hvað stafar af fyrri veikindum. Eins og á stendur í þessu máli, þykir mega ákvarða bætur fyrir örorkutjón, töpuð lífeyrisréttindi og miska í einu lagi, og þykja þær með hliðsjón af framansögðu hæfilega ákveðnar 1.200.000 kr., og hafa þá verið höfð í huga þau sjónarmið, sem samkvæmt dómvæntu ber að hafa til viðmiðunar. Skal fjárhæðin bera vexti samkvæmt 7. gr. vaxtalaga frá slysdegi, 27. maí 1991, til dómuppsögudags, en dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá þeim degi til greiðsludags. Ekki er lagaheimild til að höfuðstólsfæra vexti samkvæmt 7. gr., og er kröfu um það hafnað.

Stefnandi hefur krafist þess, að við ákvörðun málskostnaðar verði tekið tillit til útlagðs kostnaðar, og hefur hún lagt fram sundurlíðun á honum upp á tæpar þrjú hundruð og fimmtíu þúsund krónur. Í þessari tölu er kostnaður við tjónsútreikninga, örorkumat svo og yfirmat. Eins og rakið var, mat Björn Öundurson örorku stefnanda 15%, en matsmenn 10%. Að fengnu því mati mat Sigurjón Sigurðsson hana 20% öryrkja, og í kjölfar þess óskaði stefnandi eftir dómkvaðningu yfirmatsmanna, sem staðfestu niðurstöðu matsmanna um 10% örorku stefnanda, en útgjöld vegna þessa mats vega þyngst í útlögðum kostnaði hennar. Það er mat dómsins, að niðurstaða Björns Öundursonar og matsmanna hafi ekki gefið tilefni til yfirmats þrátt fyrir niðurstöðu Sigurjóns Sigurðssonar, og verði stefnandi því að bera þann kostnað sjálf. Með hliðsjón af þessu er hæfilegt að dæma stefnda til að greiða stefnanda 330.000 kr. í málskostnað, og hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Arngrímur Ísberg héraðsdómari kvað upp dóminn.

D ó m s o r ð:

Kröfum í framhaldssök er vísað frá dómi.

Stefndi, Vátryggingafélag Íslands hf., greiði stefnanda, Rögnu F. Karlsdóttur, 1.200.000 kr. með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga frá 27. maí 1991 til dómsuppsögudags, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá þeim degi til greiðsludags og 330.000 kr. í málskostnað auk virðisaukaskatts.